



ALZHEIMER SAMTÖKIN Á ÍSLANDI

**Aðalfundur Alzheimersamtakanna
haldinn í Hátúni 10, 11. maí 2017, kl. 17:00**

Dagská fundar:

1. Setning fundar
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir
5. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda, skýrðir og afgreiddir
6. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda
7. Skýrslur fagráðs og starfshópa
8. Lagabreytingar
9. Kosning stjórnar
10. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga, einn aðalman og einn varamann
11. Ákvörðun um árgjald
12. Önnur mál

1. Setning fundar.

Árni Sverrisson, formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Bað Árni fundarmenn að rísa á fætur og minnast Friðfinns Hermannssonar, stjórnarmanns, sem lést 17. apríl sl. með einnar mínútu þögn. Árni flutti stutta minningu um Friðfinn og að því loknu risu fundarmenn úr sætum og var klappað í hans anda.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Tillaga að fundarstjóra, Ragnheiði Þorkeldsdóttur og fundarritara Helgu Sigujónsdóttur borin upp.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins sem metin var lögmæt.

3. Skýrsla stjórnar.

Árni Sverrisson, formaður Alheimersamtakanna, flytur skýrslu stjórnar. Sjá má [Ársskýrslu formanns starfsárið 2016-2017](#) á heimasíðu Alheimersamtakanna.

Endurskoðaðir ársreikningar samtakanna lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.

Viðar G. Elísson, endurskoðandi samtakanna, fór yfir ársreikninga félagsins.

4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda, skýrðir og afgreiddir.

Viðar G. Elísson fór yfir ársreikninga félagsdeilda;

Fríðuhús-Dagbjálfun, Austurbrún 31 – ársreikningur ársins 2016

Drafnarhús – Dagbjálfun, Hafnarfirði – ársreikningur ársins 2016

Maríuhús- Dagbjálfun, Blesugróf 27 – ársreikningur ársins 2016

Fundastjóri opnaði fyrir mælendaskrá um skýrslu formanns, reikninga samtakanna og reikninga félagsdeilda.

Engin tók til máls og var skýrsla og reikningar samþykktir samhljóða.

5. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.

Sigríður Lóa Rúnarsdóttir, forstöðumaður Fríðuhúss fór yfir lykiltölur fyrir árið 2016 – fyrir Fríðuhús, Drafnarhús og Maríuhús.

Forstöðumenn húsanna svöruðu fyrirspurnum frá fundarmönnum.

6. Skýrslur fagráðs og starfshópa.

Liður fellur niður. Fagráð hefur ekki verið starfandi í nokkur ár og starfshópur hefur ekki lokið störfum.

7. Lagabreytingar.

Liður fellur niður þar sem engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

8. Kosning stjórnar:

Árni Sverrisson, formaður, gefur kost á sér til eins árs eða til 2018.

Guðjón Brjánnson gefur kost á sér í aðalstjórn til tveggja ára eða til ársins 2019.

Berglind Anna Magnúsdóttir, sem setið hefur í varastjórn, gefur kost á sér í aðalstjórn til tveggja ára eða til ársins 2019.

Brynjólfur Bjarnason og Helga Sigurjónsdóttir voru kosin til tveggja ára 2016 og sitja því í aðalstjórn til ársins 2018.

Kristný Rós Gústafsdóttir sem setið hefur í varastjórn gefur ekki kost á sér.

Fríða Proppé gefur kost á sér í varastjórn til eins árs.

Guðlaug Guðmundsdóttir gefur kost á sér í varastjórn til eins árs.

Ekki bástur önnur framboð til stjórnar áður en framboðsfrestur rann út og er stjórn því sjálfkjörin.

9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Í framboði eru Kristinn Jörundsson og Ragnheiður K. Karlsdóttir

Ekki bástur fleiri framboð og eru þau því sjálfkjörin.

10. Ákvörðun um árgjald.

Tillaga stjórnar er að árgjald verði óbreytt kr. 3000.-

Samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál.

Formaður tók til máls, þakkar stuðning og kosningu til formanns næsta árs. Óskar nýrri stjórn til hamingju með kosningu og þakkar Kristnýju Rós fyrir vel unnin störf.

Þakkaði starfsmönnum samtakanna fyrir undirbúning fundarins og gott starf.

Kleinur sem voru í boði á fundinum voru bakaðar af heimilismönnum í Maríuhúsi.

Hópur læknanema á fimmta ári komu inn á fundinn og afhentu samtökunum styrk að upphæð kr. 800.000.- sem er ágóði af sölu bókar sem þeir gáfu út. Bókin heitir Minnisbókin og inniheldur klínísku punkta um heilabilun sem gott er fyrir lækna að hafa í sloppvasanum, að sögn nemanna. Voru nemum færðar kærar þakkir fyrir framtakið.

Fundarstjóri býður fundarmönnum að taka til máls undir liðnum önnur mál.

Enginn tjáði sig undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:10.